



Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8.11.2022
Tilvísun: 202210-0232

Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga), 326. mál.

Síðastliðið vor ASÍ skilaði ASÍ umsögn um drög að því frumvarpi sem hér er til umsagnar.¹ Frumvarpið felur annars vegar í sér tillögu um að heimilt verði að birta sjóðsfélögum upplýsingar með rafrænum hætti og hins vegar breytingatillögur á atriðum er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

ASÍ styður tillögu varðandi heimildir til rafrænnar birtingar ýmissa upplýsinga til sjóðfélaga að því gefnu að sjóðsfélagar geti áfram óskað eftir gögnum og upplýsingum á pappírformi endurgjaldslaust.

Breytingatillögurnar er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna fela að mati ASÍ í sér jákvæðar breytingar en velta má upp hvort að innleiðingartíminn sé ekki full mikill. Í yfirlýstri stefnu ASÍ um lífeyrismál² frá árinu 2013 kemur fram sú skoðun ASÍ að mikilvægt sé að auka hlutdeild erlendra eigna í eignasafni lífeyrissjóðanna enda sé nauðsynlegt að dreifa áhættu í fjárfestingum í ljósi smæðar íslenska hagkerfisins. Í ljósi framangreinds skorar ASÍ á Alþingi að skoða vandlega hvort að ekki mega stytta innleiðingarferli aukinnar heimildar til gjaldmiðlaáhættudreifingar.

Að öðru leyti og með hliðsjón af framangreindri tillögu styður ASÍ framgang frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. ASÍ

Þórir Gunnarsson
Hagfræðingur

¹ [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=a5158771-1ca9-ec11-9baf-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=a5158771-1ca9-ec11-9baf-005056bcce7e)

² https://www.asi.is/media/3176/Stefna_AS_l_feyrism_lum_-_sam_20_2_2013.pdf



Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2022

Tilv.: mál nr. 326/2022

Efni: Umsögn Arion banka vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga)

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Að mati rekstrarsviðs lífeyrissjóða Arion banka (hér eftir „rekstrarsvið lífeyrissjóða“) eru þær breytingar sem fram koma í frumvarpinu afar jákvæðar og nauðsynlegar, bæði hvað varðar fjárfestingar erlendis, rýmkun og skýringu á heimildum til afleiðuviðskipta svo og birtingu sjóðfélagayfirlita og annarra upplýsinga með rafrænum hætti. Rekstrarsvið lífeyrissjóða gerir þó eftirfarandi athugasemdir:

Athugasemdir við a-lið og fyrri málslíð b-liðar 1. gr. frumvarpsins (2. og 4. mgr. 18. gr. laganna):

Samkvæmt nýju ákvæði 2. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir einnig „lögin“) ber lífeyrissjóðum nú að veita nýjum sjóðfélögum upplýsingar um helstu réttindi sem ávinnast við greiðslu iðgjalda ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu lífeyrissjóðsins. Samkvæmt greinargerð falla þarna undir upplýsingar sem eru almenns eðlis en ekki einstaklingsmiðaðar upplýsingar og er tekið fram í greinargerðinni að þarna undir falli m.a. upplýsingar um elli- og áfallalífeyri sem sjóðurinn greiðir, rétt sjóðfélaga til lántöku hjá sjóðnum, fjárfestingarleiðir og helstu atriði samþykktá sjóðsins.

Samkvæmt nýju ákvæði 4. mgr. 18. gr. laganna er nú heimilt að birta yfirlit (greiðsluyfirlit) og upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. rafrænt á vefsvæði þar sem rafrænnar auðkenningar er krafist. Þó skal sjóðfélagi sem eftir því óskar fá gögn og upplýsingar á pappírformi sér að kostnaðarlausu. Af framangreindu orðalagi má ætla að sjóðfélaginn hafi val um tvær leiðir, þ.e. að fá greiðsluyfirlit og upplýsingar afhentar á pappír sér að kostnaðarlausu eða á rafrænu vefsvæði þar sem rafrænnar auðkenningar er krafist.

Að mati rekstrarsviðs lífeyrissjóða eru þessi ákvæði ekki nógu skýr. Hvergi í lögnum eða greinargerðinni með lögnum er skilgreint hvað sé átt við með rafrænu vefsvæði sem krefst rafrænnar auðkenningar. Af orðalagi ákvæðisins er óljóst hvort ákvæðið nái einungis til rafrænnar vefsíðu þar sem krafist er innritunar með rafrænum skilríkjum (eins og t.d. heimasíður lífeyrissjóðanna þar sem sjóðfélagar geta skráð sig inn á mínar síður með rafrænum skilríkjum) eða hvort það nái einnig til apps þar sem hægt er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum, notandanafni og lykilorði eða fingrafara- eða andlitsskanna. Að mati reksturs lífeyrissjóða er nauðsynlegt að lífeyrissjóðirnir hafi val um að bjóða sjóðfélögum upp á hvoru tveggja.

Upplýsingagjöf til nýrra sjóðfélaga

Með þessum breytingum kemur inn nýtt ákvæði um upplýsingagjöf til nýrra sjóðfélaga. Með þessu verður lífeyrissjóðum skylt að afhenda nýjum sjóðfélögum almennar upplýsingar, m.a. upplýsingar um helstu atriði samþykktá sjóðsins, rétt sjóðfélaga til lántöku hjá sjóðnum og fjárfestingarleiðir sjóðsins á umræddu vefsvæði þar sem krafist er rafrænnar auðkenningar eða á pappír kjósi sjóðfélagi þess. Hingað til hafa þessar almennu upplýsingar verið að finna á vefsíðum lífeyrissjóðanna, en ekki undir mínum síðum þar sem rafrænnar auðkenningar er krafist. Rétt er að hafa í huga að umræddar upplýsingar eru almennar en ekki einstaklingsbundnar. Með frumvarpinu verður staðan sú að nýr sjóðfélagi þarf að auðkenna sig á rafrænt vefsvæði til þess að sjá ýmsar almennar upplýsingar, en eðlilegra væri að þær væru aðgengilegar á vefsíðum sjóðanna þar sem ekki er krafist auðkenningar eða lífeyrissjóðir hefðu val um að senda þær í tölvupósti. Ekki verður séð að þörf sé á að almennar upplýsingar þurfi að vera aðgengilegar á vefsvæði þar sem rafrænnar auðkenningar er krafist með tilheyrandi flækjustigi enda eru þær ekki einstaklingsbundnar.

Upplýsingagjöf til allra sjóðfélaga

Breytingarnar fela einnig í sér breytingu á upplýsingagjöf til núverandi sjóðfélaga. Samkvæmt núgildandi lögum ber lífeyrissjóðum að senda sjóðfélögum upplýsingar um áunnin og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga (einstaklingsbundnar upplýsingar), rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum (almennar upplýsingar). Með nýju ákvæði 4. mgr. 18. gr. laganna verður lífeyrissjóðum heimilt að birta upplýsingarnar (almennar og einstaklingsbundnar) rafrænt á vefsvæði þar sem rafrænnar auðkenningar er krafist eða á pappír



kjósi sjóðfélagi slíkan kost. Eðlilegra væri að einungis væri krafa um að einstaklingsbundnar upplýsingar væru aðgengilegar á rafrænu vefsvæði þar sem auðkenningar er krafist.

Breytingartillaga a:

Með vísan til þess sem hér er rakið er lagt til að ákvæðinu verði breytt lítilega og það rýmkað. Lögð er fram eftirfarandi breytingartillaga á 1. mátl. 4. mgr. 18. gr. (sjá breytingar í **rauðu**):

„Lífeyrissjóðum er heimilt að birta sjóðfélögum yfirlit og upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. með **rafrænum hætti**“.

Einnig er lagt til að kveðið verði á um í lögnum að í reglugerð skuli vera sett inn skilgreining á því hvað sé átt við með rafrænum hætti. Ákvæðið í reglugerðinni gæti tekið á hvaða upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar á rafrænu vefsvæði þar sem krafist er rafrænnar auðkenningar og hvaða upplýsingar má gera aðgengilegar á vefsvæði/með tölvupósti. Ákvæði þetta væri unnt að breyta eftir því sem framvinda yrði í þróun á rafrænum lausnum.

Breytingartillaga b:

Óljóst er af ákvæðum frumvarpsins hvort það hafi verið vilji löggjafans að láta breytinguna um rafræna auðkenningu ná til greiðslufirlita sem og almennra og einstaklingsbundinna upplýsinga eða hvort viljinn hafi einungis verið að láta breytinguna ná til greiðslufirlita og einstaklingsbundinna upplýsinga. Í greinargerðinni segir að breytingin sé til hægðarauka fyrir sjóðfélaga og hagræðingar fyrir lífeyrissjóði. Þeir sjóðfélagar sem kjósa heldur yfirlit á pappír gætu þó eftir sem áður óskað eftir því. Miðað við orðalag greinargerðarinnar virðist sem ákvæðið hafi bara átt að ná til greiðslufirlita og einstaklingsbundinna upplýsinga en ekki almennra upplýsinga. Ef það er vilji löggjafans að breytinguna um rafræna auðkenningu eigi einungis að ná til greiðslufirlita og einstaklingsbundinna upplýsinga en ekki til almennra upplýsingagjafar eins og núverandi frumvarp gerir ráð fyrir þá leggur rekstrarsvið lífeyrissjóða til eftirfarandi breytingar á 18. gr. laganna (sjá breytingar í **rauðu**):

1. mgr.:.....

2. mgr.: „Lífeyrissjóðir skulu senda greiðslufirlit eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Lífeyrissjóður skal jafnframt senda sjóðfélaga eigi sjaldnar en einu sinni á ári upplýsingar um áunnin og væntanleg lífeyrisréttindi sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins sem og breytingar á samþykktum sjóðsins. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa eilífeyrisaldri.“

3. mgr.: „Lífeyrissjóðir skulu veita nýjum sjóðfélögum upplýsingar um helstu réttindi sem ávinnast við greiðslu iðgjalda ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu lífeyrissjóðsins.“

4. mgr.: „Lífeyrissjóðir skulu senda sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum.“

5. mgr.: „Lífeyrissjóðnum er heimilt að birta almennar upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. með rafrænum hætti. Lífeyrissjóðum er jafnframt heimilt að birta yfirlit og aðrar einstaklingsbundnar upplýsingar skv. 2. og 4. mgr. laganna með rafrænum hætti þar sem rafrænnar auðkenningar er krafist. Með almennum upplýsingum er átt við upplýsingar til nýrra sjóðfélaga sem og upplýsinga um rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Með einstaklingsbundnum upplýsingum er átt við greiðslufirlit og upplýsingar um áunnin og væntanlega lífeyrisrétt sjóðfélaga. ...“

6. mgr.:

7. mgr.:

Rekstrarsvið lífeyrissjóða Arion banka vonar að 18. gr. laganna fái afgreiðslu með ofangreindum breytingum en afar mikilvægt er að lífeyrissjóðirnir fái heimildir til að birta yfirlit og upplýsingar til sjóðfélaga með rafrænum hætti.

Athugasemdir við seinni málslið b-liðar 1. gr. frumvarpsins (4. mgr. 18. gr. laganna):

Hluti af ábyrgri stefnu flestra lífeyrissjóða um umhverfisvernd og því er tilfærsla frá pappír yfir á rafrænt form eðlileg framþróun. Að sama skapi er eðlilegt að gefa þeim sem það kjósa að fá yfirlit á pappírformi aðlögunartíma að breyttu fyrirkomulagi en eftir það sé lífeyrissjóðum heimilt að krefjast endurgjalds sem endurspeglir kostnað fyrir sértílik.

Með vísan til þessa er breytingartillaga gerð þess efnis að sólarlagsákvæði og heimilt til gjaldtöku komi aftan við síðustu setningu 4. mgr. 18. gr. (5. mgr. 18. gr. laganna samkvæmt breytingartillögu b.) (sjá breytingar í **rauðu**):

„Þó skal sjóðfélagi sem eftir því óskar fá gögn og upplýsingar á pappírformi sér að kostnaðarlausu næstu þrjú ár frá gildistöku laganna en að því tímabili loknu hafi lífeyrissjóðirnir heimild til að krefjast endurgjalds fyrir slíka þjónustu.“

Virðingarfyllt,

Sigrún Hauksdóttir

Forstöðumaður Reksturs lífeyrissjóða hjá Arion banka

Sigrún Hauksdóttir



Undirritað af:
Sigrún Hauksdóttir
2207774489
Dags: 08.11.2022
Tími: 22:23:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 79dc2ca7-
d69e-4625-8f7c-
1abb9d501bae

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Skrifstofa fjármálamarkaðar
Dagsetning: 06.02.2023
Málsnúmer: FJR22070030
Bréfalykill: 3.3

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (gjaldmiðlaáhætta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga) - 153/4

I. Inngangur

Í minnisblaði þessu er að finna viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við helstu athugasemdum sem bárust í umsögnum til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, gjaldmiðlaáhætta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga (Þskj. 337 – 326. mál).

Alls bárust fjórar umsagnir vegna frumvarpsins, frá Arion banka hf., Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða og Alþýðusambandi Íslands. Þær athugasemdir sem er að finna í umsögnunum hafa flestar komið fram á fyrri stigum þessa máls. Greining ráðuneytisins á þeim leiddi til breytinga á frumvarpinu og er vísað til niðurlagsins í 5. kafla í greinargerð frumvarpsins í þeim efnum. Í minnisblaðinu er, auk viðbragða fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum, að finna tillögu að breytingu á einni grein frumvarpsins.

II. Meginefni frumvarpsins

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða sem snúa að gjaldeyrisáhættu. Þá eru í frumvarpinu tillögur um að ekki þurfi lengur að koma til samþykki sjóðfélaga til að lífeyrissjóður geti birt yfirlit og upplýsingar til sjóðfélaga á rafrænan hátt og ákvæði um að lífeyrissjóðum verði skylt að upplýsa nýja sjóðfélaga um helstu réttindi sem ávinnast við greiðslu iðgjalda ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu lífeyrissjóðsins. Jafnframt er að finna tillögur að breytingum á ákvæðum um heimildir til kaupa á afleiðum. Vísað er til greinargerðar frumvarpsins varðandi tilefni og nauðsyn lagabreytinganna og samantektar á meginefni frumvarpsins.

III. Viðbrögð við umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd

Rafræn upplýsingagjöf til sjóðfélaga – Landssamtök lífeyrissjóða og Arion banki.

Í umsögnum Landssamtaka lífeyrissjóða og Arion banka er vakin athygli á að markmið 1. gr. frumvarpsins sé að auðvelda nýjum sjóðfélögum að nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn sem og alla sjóðfélaga hans að nálgast upplýsingar um fjárhagsstöðu, rekstur og breytingar á samþykktum. Með því að gera kröfu um rafræna auðkenningu sjóðfélaga, til að nálgast þessar upplýsingar, séu settar hömlur á upplýsingagjöfina. Fram kemur að mikilvægt sé að lífeyrissjóðir hafi heimild til að birta sjóðfélögum slíkar upplýsingar rafrænt án þess að gerður sé áskilnaður um rafræna auðkenningu. Þá kemur fram í umsögn Arion banka að óljóst sé af ákvæðinu hvað átt sé við með rafrænu vefsvæði. Bankinn óskar jafnframt eftir heimild til

gjaldtöku kjósi sjóðfélagi að fá gögn og upplýsingar á pappírformi að þremur árum liðnum frá gildistöku laganna. Leggur bankinn til að slík heimild bætist við b. lið 1. gr. frumvarpsins um rafræna birtingu upplýsinga til handa sjóðfélögum.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu tók ráðuneytið ekki undir áður framkomna tillögu Arion banka um að heimiluð yrði gjaldtaka vegna sjóðfélaga sem áfram kjósa að fá á pappírformi iðgjaldayfirlit og upplýsingar um væntanleg lífeyrisréttindi. Í því sambandi leit ráðuneytið m.a. til þess að iðgjöld til lífeyrissjóðs eru lögbundin, þau varða mikilvæg réttindi sjóðfélagans til framtíðar auk þess sem sjóðfélagar eru misvel settir með að nýta sér stafræna tækni, ekki síst þeir sem eldri eru. Afstaða ráðuneytisins til þessa atriðis er óbreytt.

Ráðuneytið tekur hins vegar undir athugasemdir Landssamtaka lífeyrissjóða og Arion banka um að heppilegt sé að gera breytingar á b. lið 1. gr. frumvarpsins en leggur þó til að ákvæðið verði svohljóðandi:

4. mgr. 18. gr. orðist svo:

„Lífeyrissjóðum er heimilt að birta yfirlit og upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. á rafrænan hátt þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist. Við rafræna birtingu upplýsinga skv. 2. mgr. sem teljast almenns eðlis þarf þó ekki að krefjast rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. másl. skal sjóðfélagi sem eftir því óskar fá gögn og upplýsingar á pappírformi sér að kostnaðarlausu.“

Innleiðingartími á hækkun eigna lífeyrissjóðs í erlendum gjaldmiðli

Landssamtök lífeyrissjóða og Alþýðusamband Íslands telja að innleiðingartíminn á hækkun heimildar lífeyrissjóðs til fjárfestinga í eignum í erlendum gjaldmiðli í 4. gr. frumvarpsins sé of langur. Landssamtökin benda á að rýmkunin muni í reynd eingöngu verða nýtt af nokkrum lífeyrissjóðum og í umsögninni er bent á að mikilvægt sé að auka hlutdeild erlendra eigna í eignasafni lífeyrissjóða þar sem nauðsynlegt sé að dreifa áhættu í fjárfestingum í ljósi smáðar íslenska hagkerfisins.

Vegna athugasemda sem bárust frá hagaðilum í samráðsgátt stjórnvalda þegar frumvarpið var kynnt þar á síðasta ári, um að of hægt væri farið í að rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í erlendum gjaldmiðlum, brást ráðuneytið við með því að leggja til að innleiðingarferlinu yrði hraðað. Í fyrirleggjandi frumvarpi er þannig lagt til að hækkunin nemi 1,5% í stað 1% fyrstu fjögur ár tímabilsins eða fram í ársbyrjun 2027. Eftir það nemur hækkunin 1% og hámarkinu verður náð árið 2036 í stað ársins 2038. Einnig lagði ráðuneytið til að lögfest yrði að ráðherra skyldi leggja mat á þörf fyrir breytingar á hlutfallinu og aðlögunartímabilinu eigi síðar en á árinu 2027. Í ljósi þess að strax við gildistöku frumvarpsins bætist við sú rýmkun sem felst í ákvæði 5. gr. frumvarpsins um að breytingar á gengi og verðhækkunar á erlendum mörkuðum hafi ekki þau áhrif að lífeyrissjóðum beri að grípa til ráðstafana til að koma gjaldeyrisáhættunni í það horf að hún sé innan lögbundinna viðmiða var ekki talið ráðlegt að stíga stærri skref í rýmkuninni að svo stöddu. Frá því frumvarp sama efnis var lagt fram í fyrra hafa spár um ytri stöðu þjóðarbúsins dökknað og aðgengi hagkerfisins að erlendu fjármagni versnað. Við slíkar aðstæður getur aukið útlæði fjármagns að öðru óbreyttu leitt til veikara gengis og hærri raunvaxta, a.m.k. til skamms tíma. Á móti vegur að hlutfall erlendra eigna sjóðanna hefur lækkað og því eru skammtímaáhrif nýrra viðmiða á útlæði sjóðanna líklega takmarkaðra en þegar hlutföllin voru hærri. Ráðuneytið telur því ekki æskilegt að stíga enn hraðari skref til rýmkunar heimilda lífeyrissjóða til erlendra fjárfestinga að svo stöddu.

Ábendingar Seðlabanka Íslands.

Í umsögn Seðlabanka Íslands er að finna nokkrar ábendingar sem snúa að lagatæknilegum atriðum í frumvarpinu. Þar má m.a. nefna að bankinn telur rétt að í ákvæði 2. gr. frumvarpsins sé vísað til eigna og skulda í stað neikvæðra stöðu afleiðusamninga. Það sé í samræmi við hugtakanotkun laganna. Ráðuneytið vekur athygli á að ákvæði í 36. gr. b. í lögum nr. 129/1997, sem lagðar eru til breytingar á í 2. gr. frumvarpsins, er vísað til vægis **eignaflokka** lífeyrissjóða. Í 36. gr. a. er þeim afleiðum sem lífeyrissjóðum er heimilt að fjárfesta í skipað í **eignaflokk** F. Í ljósi þessa þótti ekki rétt að vísa til eigna og skulda í afleiðum, þó það orðfæri sé vissulega viðurkenndari orðnotkun, og vísa frekar til neikvæðra og jákvæðra eigna. Jákvæðar eignir vísar þá til eigna og neikvæðar eignir til skulda líkt og kom fram í skýringum með ákvæðinu.

Þá vekur Seðlabankinn athygli á því að til bóta væri að skýrar kæmi fram í lagatexta eða greinargerð með frumvarpinu hvort núvirða ætti væntar lífeyrisgreiðslur eða ekki. Ráðuneytið telur að í ljósi þess að um sé að ræða mat á virði lífeyrisgreiðslna til næstu þriggja ára sé breytingin ekki nauðsynleg.

Loks leggur Seðlabankinn til að hin ótímabundna undanþága frá því að gera ráðstafanir til úrbóta, ef gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóðs fer fram úr leyfilegum mörkum sökum breytinga á gengi íslensku krónunnar eða verðhækkana á erlendum mörkuðum sem er að finna í 5. gr. frumvarpsins, eigi að gilda til bráðabirgða og renna sitt skeið þegar því hámarki sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er náð. Með vísan til sveiflna í gengi gjaldmiðla sem og óvissu um ávöxtun á erlendum mörkuðum, sem getur orðið þess valdandi að lífeyrissjóðir fari tímabundið yfir leyfilegt hámark, og sem hefur verið hamlandi fyrir lífeyrissjóði við erlendar fjárfestingar þeirra, telur ráðuneytið ekki heppilegt að undanþágan gildi til bráðabirgða. Tillaga Más Guðmundssonar um að rýmka heimildir til að gera ráðstafanir til úrbóta sneri að því að gera lífeyrissjóðum betur kleift að nýta heimildir laganna til fjárfestingar í öðrum myntum en íslensku krónunni sem best. Tillögunni var ekki ætlað að taka á tímabundnum aðstæðum meðan aðlögun að nýju hámarki á sér stað. Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að falla frá því að lífeyrissjóðir geti að fullu nýtt heimildir laganna til fjárfestingar erlendis þegar hið nýja viðmið um erlendar eignir hefur tekið gildi að loknum aðlögunartíma.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. nóvember 2022

Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga), 326. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviðið Alþings, þann 25. október s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál sem felur í sér mjög brýnar breytingar, annars vegar er varða rýmkun heimilda er viðkoma gjaldmiðlaáhættu og hins vegar er viðkoma upplýsingagjöf frá lífeyrissjóðum til sjóðfélaga.

Málið var lagt fram á Alþingi á 152. löggjafarþingi, 568. mál og skiluðu LL umsögn um málið, dags. 31. maí sl. og tiltóku þá sem nú að **LL lýsa yfir stuðningi við málið og telja afar brýnt að umræddar breytingar nái fram að ganga.**

I. Upplýsingagjöf til sjóðfélaga, 1. gr. frumvarpsins

Með 1. gr. er lögð til afar jákvæð breyting á 4. mgr. 18. gr. laganna þar sem lífeyrissjóðum yrði veitt heimild til að birta upplýsingar til sinna sjóðfélaga með rafrænum hætti. Í frumvarpinu hefur nú jafnframt verið bætt inn ákvæði sem tiltekur að lífeyrissjóðum beri að upplýsa nýja sjóðfélaga um helstu réttindi sem ávinnast við greiðslu iðgjalda. Eins og ákvæðið er orðað í frumvarpinu eru þó settar hömlur á slíka almennar upplýsingagjöf sem fullyrða má að ekki sé ætlunin og þarfnast því ákvæðið orðalagsbreytinga við.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lífeyrissjóðum sé heimilt að birta yfirlit og upplýsingar rafrænt á vefsvæði þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist. Hér eru settar hömlur á upplýsingagjöfina þar sem gerð er krafa um rafrænnar auðkenningar til að nýir sjóðfélagar geti nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn auk annarra sjóðfélaga til að nálgast upplýsingar um fjárhagsstöðu, rekstur og breytingar á samþykktum. Markmiðið er að einfalda sjóðfélögum að nálgast slíkar upplýsingar og er sérstaklega tiltekið í athugasemdum frumvarpsins við 1. gr. að um

sé „að ræða upplýsingar sem eru almenns eðlis en ekki einstaklingsmiðaðar“. Því er vart þörf á auðkenningu frá sjóðfélaga til að nálgast slíkrar upplýsingar.

Með ofangreindar athugasemdir í huga er lagt til að frumvarpinu verði breytt á þá leið að 4. mgr. 18. gr. verði orðuð svo:

„Lífeyrissjóðum er heimilt að birta yfirlit og upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. með rafrænum hætti. Þó skal sjóðfélagi sem eftir því óskar fá gögn og upplýsingar á pappírformi sér að kostnaðarlausu.“

Sé talið mikilvægt að yfirlit skv. 3. mgr. 18. gr. séu birt með rafrænum hætti þar sem auðkenningar sjóðfélaga er krafist og að sama eigi við um upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt skv. 2. mgr. 18. gr. gæti ákvæðið verið svohljóðandi:

„Lífeyrissjóðum er heimilt að birta almennar upplýsingar skv. 2. mgr. með rafrænum hætti. Lífeyrissjóðum er jafnframt heimilt að senda yfirlit skv. 3. mgr. og upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga skv. 2. mgr. með rafrænum hætti þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist. Þó skal sjóðfélagi sem eftir því óskar fá gögn og upplýsingar á pappírformi sér að kostnaðarlausu.“

LL styðja því að ákvæðið fái afgreiðslu með ofangreindum breytingum en afar mikilvægt er að sjóðirnir fái heimildir til að birta yfirlit og upplýsingar til sjóðfélaga með rafrænum hætti.

II. Afleiður, 2. og 3. gr. frumvarpsins

Heimildir lífeyrissjóða til að nýta afleiður hafa þótt óskýrar og eru ákvæði í 2. og 3. gr. frumvarpsins ætlað að gera reglurnar skýrari. Þær breytingar sem þar eru lagðar til eru til verulegra bóta og því studdar af LL.

III. 4. gr. frumvarpsins (gjaldmiðaláhætta)

LL og talsmenn einstaka lífeyrissjóða hafa lagt nokkurn þunga á að hækkun marka varðandi gjaldmiðlaáhættu lífeyrissjóða myndi ganga hraðar fyrir sig en gert er ráð fyrir í 4. gr. frumvarpsins. Í því sambandi er m.a. vísað til umsagnar LL við drög að frumvarpinu eins og þau voru kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. 60/2022, sjá [hér](#) og ítrekað var í umsögn LL, dags. 31. maí um 568. mál. Tekið skal fram að afstaða LL hefur ekki breyst í þessum efnum og telja að ganga mætti hraðar í þessum efnum enda liggur fyrir að þessi rýmkun á heimildum varðar eins og staðan er nú aðeins nokkra sjóði. Aðrir eru enn vel undir núgildandi mörkum.

IV. 5. gr. frumvarpsins (virk stýring erlendra eigna)

LL telja að ákvæði 5. gr. sé mjög mikilvægt en þar er mælt fyrir um að ef breytingar á gengi íslensku krónunnar eða verðhækkningar á erlendum eignamörkuðum leiða til þess að gjaldmiðlaáhætta

lífeyrissjóða fari fram úr leyfilegum mörkum, sbr. 1. og 2. mgr. 36. gr. d, þurfi ekki að grípa til ráðstafana til að ná hlutfalli eigna í erlendri mynt niður fyrir lögbundið hámark. LL styðja þessa breytingu og hefur orðalagi ákvæðisins nú verið breytt frá því sem var í 568. máli. Breytingin sem gerð hefur verið er verulegra bóta og styðja LL að ákvæðið verði samþykkt.

V. Heimild til fjárfestinga í fjármálagerningum utan OECD eða EES svæðisins

Í umsögn LL, dags. 31. maí sl., um frumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi og ekki náði afgreiðslu, 568. mál var nokkuð ítarlega farið yfir afar mikilvægt mál sem viðkemur takmörkuðum heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga í fjármálagerningum sem skráðir eru á skipulegan markað (kauphöll) utan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES), sbr. 2. mgr. 36. gr. b laga nr. 129/1997. Sömu takmarkanir gilda reyndar einnig um fjármálagerninga sem skráðir eru á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), sbr. 3. mgr. 36. gr. b. Auk þess sem það er skilyrði fyrir fjárfestingum í óskráðum fjármálagerningum að þeir séu gefnir út af aðilum innan aðildarríkja OECD eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 4. mgr. 36. gr. b.

Að mati LL hamla framangreindar takmarkanir er viðkoma ríkjum utan OECD og EES-svæðisins skilvirkri eignastýringu lífeyrissjóða eða einstakra deilda þeirra. LL telja mikilvægt að hefja þessa umræðu en vilja ekki fyrir nokkra muni að slík umræða tefji fyrir afgreiðslu þess máls sem hér er til umfjöllunar. Því mun LL beina sérstöku erindi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins með það í huga að brýnar breytingar verði gerðar til að liðka fyrir fjárfestingarheimildum sem eru til þess fallnar að skapa aukið svigrúm til skilvirkrar eignastýringar án þess að raskað verði öryggi eignasafna sjóðanna.

Að lokum vilja LL áréttta að umrætt frumvarp felur í sér mikilvægar umbætur og því mikilvægt að málið nái fram að ganga.

LL eru sem fyrr tilbúin til samtals við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um efni frumvarpsins og umsögn samtakanna um það.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða,



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri



10. nóvember 2022

Tilv.: 2210147

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga), 326. mál.

Með tölvupósti, dags. 25. október sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga). Um er að ræða endurflutt frumvarp frá 152. löggjafarþingi sem Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri athugasemdum við í umsögn sinni dags, 31. maí sl.

Í fyrirliggjandi frumvarpi virðist ekki að öllu leyti hafa verið brugðist við athugasemdum sem Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri. Seðlabankinn telur rétt að áréttu athugasemdirnar við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

2. gr. frumvarpsins

Seðlabankinn leggur til að a. liður 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

- a. 3. töluliður 1. mgr. 36. gr. b orðast svo: Eignir og skuldir skv. 6. tölul. skulu samanlagt vera innan við 10% heildareigna.

Seðlabankinn telur rétt að í ákvæðinu verði vísað til eigna og skulda í stað neikvæðrar stöðu afleiðusamninga. Er það til samræmis við hugtakanotkun laganna. Þá er vakin athygli á því að ekki er um efnislega breytingu að ræða miðað við framkvæmd fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands við túlkun ákvæðisins.

3. gr. frumvarpsins

Með hliðsjón af þeim breytingum sem Seðlabankinn leggur til á a. lið 2. gr. frumvarpsins telur Seðlabankinn að 3. gr. frumvarpsins sé óþörf og að hún ætti að falla á brott.

4. gr. frumvarpsins

Seðlabankinn ítrekar það sem bent var á í áðurnefndri umsögn vegna b. liðar 4. gr. frumvarpsins að það væri til bóta að skýrar kæmi fram í lagatexta eða greinargerð hvort núvirða ætti væntar lífeyrisgreiðslur eða ekki. Jafnframt bendir Seðlabankinn á innsláttarvillu í 2. mgr. 4. gr. þar sem orðinu „að“ er ofaukið.

5. gr. frumvarpsins

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er lögð til ótímabundin undanþága frá því að gera ráðstafanir til úrbóta ef gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóðs fer fram úr leyfilegum mörkum sökum breytinga á gengi íslensku krónunnar eða verðhækkana á erlendum mörkuðum. Í samræmi við fyrri athugasemdir Seðlabankans er lagt til að undanþágan gildi til bráðabirgða og takmarkist við það hámark sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, enda verður ekki séð að það skipti sjóðfélaga máli út frá áhættusjónarmiði hvort lífeyrissjóðir fari yfir lögbundin hámark vegna verðbreytinga eða viðskipta lífeyrissjóðsins. Slíkt væri jafnframt í samræmi við önnur ákvæði laganna sem kveða á um að lífeyrissjóðir grípi til ráðstafana til úrbóta fari fjárfesting fram úr leyfilegum mörkum. Jafnframt bendir Seðlabankinn á misræmi í umfjöllun um 5. gr. frumvarpsins varðandi heimildir lífeyrissjóðs til að eiga viðskipti með erlendar eignir í eignasafni sínu. Annars vegar er um að ræða orðalag 5. gr. og umfjöllun um greinina sem fram kemur í almennum athugasemdum um frumvarpið á bls. 5 og hins vegar umfjöllun sem fram kemur í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins á bls. 9.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Fylgiskjal: Umsögn Seðlabanka Íslands til Jjármála- og efnahagsráðuneytisins (mál 568), dags. 31. maí 2022.



31. maí 2022
Tilv.: 2205152

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og rafræn birting), 568. mál.

Með tölvupósti, dags. 24. maí sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og rafræn birting).

Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri athugasemdum sínum við drög að frumvarpinu sem birt voru í Samráðsgátt stjórnvalda hinn 9. mars sl. Í fyrirbyggjandi frumvarpi virðist ekki að öllu leyti hafa verið brugðist við þeim athugasemdum sem Seðlabankinn kom á framfæri með þeirri umsögn í Samráðsgátt, dags. 21. mars sl. (sjá fylgiskjal).

Seðlabankinn telur mikilvægt að tekið verði tillit til þeirra athugasemda og eru þær því hér með áréttáðar við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

2. gr. frumvarpsins

Seðlabankinn leggur til að a. liður 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

- a. 3. töluliður 1. mgr. 36. gr. b orðast svo: Eignir og skuldir skv. 6. tölul. skulu samanlagt vera innan við 10% heildareigna.

Seðlabankinn telur rétt að í ákvæðinu verði vísað til eigna og skulda í stað neikvæðrar stöðu afleiðusamninga. Er það til samræmis við hugtakanotkun laganna. Þá er vakin athygli á því að ekki er um efnislega breytingu að ræða miðað við framkvæmd fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands við túlkun ákvæðisins.

Varðandi b. lið 2. gr. frumvarpsins leggst Seðlabankinn ekki gegn því að fella á brott kröfu um að unnt sé að selja, gera upp eða loka slíkum samningum samdægurs á raunvirði hverju sinni, sbr. b. lið 2. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn telur hins

vegar nauðsynlegt að ákvæði sé að finna í lögnum sem bregst við þeirri gagnrýni á gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóða sem kemur m.a. fram í skýrslu um úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008 og rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Með hliðsjón af þeirri gagnrýni leggur Seðlabankinn til að gerð verði krafa um að skilmálar afleiðna skuli vera í samræmi við rammasamning Alþjóðasamtaka um skiptasamninga og afleiður (ISDA).

Með vísan til framangreinds leggur Seðlabankinn til að 2. másl. 5. mgr. 36. gr. b. orðist svo: „*Séu afleiður skv. 6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a. ekki skráðar á skipulegum markaði skal mótaðili lífeyrissjóðs lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt og skilmálar sammingsins vera í samræmi við rammasamning Alþjóðasamtaka um skiptasamninga og afleiður.*“

Þá leggur Seðlabankinn jafnframt til að lagt verði fyrir ráðherra að reglugerð um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar verði breytt í þá vegu að hyggist lífeyrissjóður eða vörsluaðili séreignarsparnaðar beita afleiðum til að draga úr áhættu lífeyrissjóðsins þá skuli notkun þeirra byggja á skýrt skilgreindri stefnu sem tryggir að notkun afleiðna sé til þess fallin að draga úr áhættu og feli ekki í sér stöðutöku, t.d. í gjaldmiðlum.

3. gr. frumvarpsins

Með hliðsjón af þeim breytingum sem Seðlabankinn leggur til á a. lið 2. gr. frumvarpsins telur Seðlabankinn að 3. gr. frumvarpsins sé óþörf og að hún ætti að falla á brott.

4. gr. frumvarpsins

Seðlabankinn ítrekar það sem bent var á í áður nefndri umsögn vegna b. liðar 4. gr. frumvarpsins að það væri til bóta að skýrar kæmi fram í lagatexta eða greinargerð hvort núvirða ætti væntar lífeyrisgreiðslur eða ekki.

5. gr. frumvarpsins

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er, eins og í þeim drögum sem birt voru í samráðsgáttinni, lögð til ótímabundin undanþága frá því að gera ráðstafanir til úrbóta ef gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóðs fer fram úr leyfilegum mörkum sökum breytinga á gengi íslensku krónunnar eða verðhækkana á erlendum mörkuðum. Í samræmi við fyrri athugasemdir Seðlabankans er lagt til að undanþágan gildi til bráðabirgða og takmarkist við það hámark sem kveðið er á um í a. lið 4. gr.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Fylgiskjal: Umsögn Seðlabanka Íslands til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 21. mars 2022.



21. mars 2022

Tilv.: 2203023

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Efni: Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóða, rafræn birting yfirlita).

Hinn 9. mars sl. voru birt drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóða, rafræn birting yfirlita) í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

Seðlabankinn telur tilefni til að koma eftirfarandi athugasemdum og tillögum varðandi frumvarpið:

2. gr.

Seðlabankinn leggur til að a. liður 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Eignir og skuldir skv. 6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a. skulu samanlagt vera innan við 10% heildareigna.“

Seðlabankinn telur a. lið 2. gr. frumvarpsins til bóta en leggur fremur til að í ákvæðinu verði vísað til eigna og skulda í stað neikvæðrar stöðu afleiðusamninga. Er það til samræmis við hugtakanotkun laganna. Þá er vakin athygli á því að ekki er um efnislega breytingu að ræða miðað við framkvæmd fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands við túlkun ákvæðisins.

Seðlabankinn leggst ekki gegn því að fella á brott kröfu um að unnt sé að selja, gera upp eða loka slíkum samningum samdægurs á raunvirði hverju sinni, sbr. b. lið 2. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn telur hins vegar nauðsynlegt að ákvæði sé að finna í lögnum sem bregst við þeirri gagnrýni á gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóða sem kemur m.a. fram í skýrslu um úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008 og rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna

2008. Með hliðsjón af þeirri gagnrýni leggur Seðlabankinn til að gerð verði krafa um að skilmálar afleiðna skuli vera í samræmi við rammasamning Alþjóðasamtaka um skiptasamninga og afleiður.

Með vísan til framangreinds leggur Seðlabankinn til að 2. másl. 5. mgr. 36. gr. orðist svo: „*Séu afleiður skv. 6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a. ekki skráðar á skipulegum markaði skal mótaðili lífeyrissjóðs lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt og skilmálar samningsins vera í samræmi við rammasamning Alþjóðasamtaka um skiptasamninga og afleiður.*“

Þá leggur Seðlabankinn jafnframt til að lagt verði fyrir ráðherra að reglugerð um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar verði breytt í þá vegu að hyggist lífeyrissjóður eða vörsluaðili séreignarsparnaðar sér að beita afleiðum til að draga úr áhættu lífeyrissjóðsins þá skuli notkun þeirra byggja á skýrt skilgreindri stefnu sem tryggir að notkun afleiðna sé til þess fallin að draga úr áhættu og feli ekki í sér stöðutöku, t.d. í gjaldmiðlum.

3. gr.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem Seðlabankinn leggur til á a. lið 2. gr. frumvarpsins telur Seðlabankinn að 3. gr. laganna sé óþörf og að hún ætti að falla á brott.

4. gr.

Seðlabankinn gerir hvorki athugasemd við a. né c. lið 4. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn teldi þó til bóta ef skýrar kæmi fram í lagatexta eða greinargerð hvort núvirða ætti væntar lífeyrisgreiðslur skv. c. lið 4. gr. eða ekki.

Þá leggur Seðlabankinn til að b. liður 4. gr. frumvarpsins verði felldur á brott og að þess í stað verði bætt við 5. gr. frumvarpsins málslið sem kvæði á um að allt þar til a. liður 4. gr. frumvarpsins verði að fullu kominn til framkvæmda verði lífeyrissjóðum ekki gert skylt að bregðast við því hámarki sem kveðið er á um í 5. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn leggur því til að við 5. gr. frumvarpsins bætist við nýr másl. svohljóðandi: „*Þrátt fyrir 37. gr. skal lífeyrissjóði ekki gert skylt að gera ráðstafanir til úrbóta, fari gjaldmiðlaáhætta hans fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt ákvæði þessu af ástæðum sem lífeyrissjóður getur ekki sjórnað.*“

Með hliðsjón af því að frumvarpið leggur til að hámarks gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóða verði 65% til frambúðar telur Seðlabankinn óþarft að krefja lífeyrissjóði um sölu erlendra eigna á hækkunartímabilinu, ef hækkun erlendra

eigna lífeyrissjóða er vegna aðstæðna sem lífeyrissjóðirnir ráða ekki sjálfir við, s.s. vegna breytinga á gengi gjaldmiðla eða verðbréfa.

Seðlabankinn er fús til frekari viðræðna sé þess óskað í tengslum við framangreint.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri